

AUGLÝSING

um deiliskipulag Króks, frístundabyggð, Grundarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Grundarfjarðar þann 9. febrúar 2012 deiliskipulag Króks, frístundabyggð í Grundarfirði. Í deiliskipulaginu eru markaðar sex frístundalóðir frá 8.615 m² til 9.800 m² að stærð. Heimilt verður að byggja allt að 200 m² hús með risi og kjallara auk allt að 25 m² geymslu.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grundarfirði, 21. mars 2012.

Smári Björnsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 10. apríl 2012